ÍSLENSK útgáfa

# EES-viðbætir

## við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins

ISSN 1022-9337

Nr. 60

24. árgangur

28.9.2017


| | | | |
|---|---|---|---|
| | **I** | **EES-STOFNANIR** | |
| | **1.** | **Sameiginlega EES-nefndin** | |
| | **II** | **EFTA-STOFNANIR** | |
| | **1.** | **Fastanefnd EFTA-ríkjanna** | |
| | **2.** | **Eftirlitsstofnun EFTA** | |
| | **3.** | **EFTA-dómstóllinn** | |
| **2017/EES/60/01** | | Dómur dómstólsins frá 16. maí 2017 í máli E-8/16 – Netfonds Holding ASA, Netfonds Bank AS og Netfonds Livsforsikring AS gegn norska ríkinu ............................................. | 1 |
| **2017/EES/60/02** | | Dómur dómstólsins frá 7. júní 2017 í máli E-17/16 – Eftirlitsstofnun EFTA gegn Íslandi ... | 2 |
| **2017/EES/60/03** | | Dómur dómstólsins frá 7. júní 2017 í máli E-18/16 – Eftirlitsstofnun EFTA gegn Íslandi ... | 3 |
| | **III** | **ESB-STOFNANIR** | |
| | **1.** | **Framkvæmdastjórnin** | |
| **2017/EES/60/04** | | Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.8522 – Avantor/VWR) ............... | 4 |
| **2017/EES/60/05** | | Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.8555 – AES/Siemens/Fluence Energy/JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð ........ | 5 |
| **2017/EES/60/06** | | Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.8607 – Warburg Pincus/Tata Motors/Tata Technologies) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð ........................................................................................................... | 6 |
| **2017/EES/60/07** | | Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.8623 – Borealis/OTPP/SSE/Maple) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð .............. | 7 |
| **2017/EES/60/08** | | Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.8628 – Eneco/Renault/Jedlix) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð .............................. | 8 |
| **2017/EES/60/09** | | Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.8641 – Jacobs Engineering Group/CH2M HILL Companies) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð ....................................................................................... | 9 |

| | | |
|---|---|---|
| **2017/EES/60/10** | Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.8646 – Platinum/Pattonair) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð .............................. | 10 |
| **2017/EES/60/11** | Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8297 – GE/Baker Hughes) ..................................................................................... | 11 |
| **2017/EES/60/12** | Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8409 – ProSiebenSat 1 Media/Television Française 1/Mediaset/JV) ....................... | 11 |
| **2017/EES/60/13** | Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8493 – Deere & Company/Wirtgen) ...................................................................... | 12 |
| **2017/EES/60/14** | Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8609 – Triton/Unihold/Unica Group) ..................................................................... | 12 |
| **2017/EES/60/15** | Orðsending framkvæmdastjórnarinnar skv. 4. mgr. 16. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í Bandalaginu – Breyting á almannaþjónustukvöðum í tengslum við áætlunarflug ....................................... | 13 |
| **2017/EES/60/16** | Tilkynning framkvæmdastjórnarinnar skv. 5. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um rekstur flugþjónustu í Bandalaginu – Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannaþjónustukvaðir ......... | 14 |

# EFTA-STOFNANIR

## EFTA-DÓMSTÓLLINN

**DÓMUR DÓMSTÓLSINS** **2017/EES/60/01**

**frá 16. maí 2017**

**í máli E-8/16**

**Netfonds Holding ASA,**

**Netfonds Bank AS, og**

**Netfonds Livsforsikring AS**

**gegn**

**norska ríkinu**

*(Staðfesturéttur – 31. gr. EES-samningsins – Tilskipun 2000/12/EB – Tilskipun 2002/83/EB – Tilskipun 2006/48/EB – Tilskipun 2007/44/EB – Lánastofnanir – Tryggingarfyrirtæki – Virkur eignarhluti – Meðalhóf – Hæfi – Nauðsyn)*

Hinn 16. maí 2017 kvað dómstóllinn upp dóm í máli E-8/16, Netfonds Holding ASA, Netfonds Bank AS, og Netfonds Livsforsikring AS gegn norska ríkinu – BEIÐNI frá *Oslo tingrett* (Héraðsdómi Ósló) skv. 34. gr. samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls varðandi túlkun á 31. gr., 36. gr. og 40. gr. EES-samningsins í tengslum við reglur og venjur sem gilda um eignarhald á norskum fyrirtækjum á þeim tíma er þau sækja um starfsleyfi sem bankar eða tryggingarfélög. Dóminn skipuðu dómararnir Carl Baudenbacher, forseti, Per Christiansen og Páll Hreinsson (framsögumaður), og hljóða dómsorð sem hér segir:

1. Á þeim tíma sem um ræðir komu tilskipun 2000/12/EB, tilskipun 2006/48/EB og tilskipun 2002/83/EC, einnig sbr. breytingar með tilskipun 2007/44/EB, ekki í veg fyrir að ríki innan EES viðhéldu strangari reglum varðandi framkvæmd starfsleyfisveitinga fyrir banka og tryggingarfélög. Urðu reglurnar samt sem áður að samrýmast fjórfrelsinu sem tryggt er með EES-samningnum.

2. Þær réttarreglur sem lýst er í 1. og 2. spurningu og stjórnsýsluvenjur sem lýst er í 3. spurningu mega teljast takmarkanir sem einkum virðast falla innan gildissviðs 31. gr. EES-samningsins. Er það hlutverk landsdómstólsins að leggja mat á hvort svo sé.

3. Markmið það að draga úr hvata fyrir eigendur banka eða tryggingarfyrirtækja til þess að taka óhóflega áhættu, einkum hættu á misbeitingu valds, tekur mið af brýnum almannahagsmunum sem er til þess fallið að réttlæta innlendar ráðstafanir sem takmarka staðfesturétt sem 31. gr. EES-samningsins tryggir. Er það landsdómstólsins að horfa til þeirra markmiða sem innlendu ráðstafanirnar eiga í raun að þjóna, auk þess að skera úr um hvort stefnt sé að lögmætum markmiðum á hæfilegan máta og að samræmis sé gætt.

4. Útgáfureglurnar sem lýst er í 1. og 2. spurningu virðast ekki til þess fallnar að ná fram því lögmæta markmiði sem dómstóllinn hefur horft til. Stjórnsýsluvenjurnar, sem lýst er í 3. spurningu virðast hæfilegar svo unnt sé að ná markmiðinu fram að því leyti að þær gilda um umsóknir um starfsleyfi sem banki eða tryggingafyrirtæki og ekki um síðari kaup á eignarhlutum í banka eða tryggingarfyrirtæki eftir að starfsleyfi hefur verið veitt.

5. Telji landsdómstóllinn að ein eða fleiri innlendu ráðstafananna séu hæfilegar svo unnt sé að ná fram lögmætu markmiði, verður hann einnig að leggja mat á hvort þær gangi lengra en nauðsyn krefur til þess að ná markmiðinu fram. Hvað þennan málarekstur áhrærir virðist að aðrar ráðstafanir en þær sem um er deilt séu vægari, en jafn árangursríkar hvað það varðar að ná fram því lögmæta markmiði sem horft hefur verið til.

**DÓMUR DÓMSTÓLSINS** **2017/EES/60/02**

**frá 7. júní 2017**

**í máli E-17/16**

**Eftirlitsstofnun EFTA gegn Íslandi**

*(EES-/EFTA-ríki vanefnir skuldbindingar sínar – Misbrestur á innleiðingu – Tilskipun 2009/127/EB um breytingu á tilskipun 2006/42/EB að því er varðar vélar fyrir notkun varnarefna)*

Hinn 7. júní 2017 kvað dómstóllinn upp dóm í máli E-17/16, Eftirlitsstofnun EFTA gegn Íslandi – KRAFA þess efnis að dómstóllinn lýsi yfir að Ísland hafi vanefnt skuldbindingar sínar skv. gerðinni sem um getur í lið 1c í XXIV. kafla II. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/127/ESB frá 21. október 2009 um breytingu á tilskipun 2006/42/EB að því er varðar vélar fyrir notkun varnarefna) skv. aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, og skv. 7. gr. samningsins, með því að láta hjá líða að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að innleiða gerðina innan tilskilins tíma, eða hvað sem öðru líður með því að tilkynna ekki Eftirlitsstofnun EFTA um innleiðinguna. Dóminn skipuðu dómararnir Carl Baudenbacher, forseti, Per Christiansen (framsögumaður) og Benedikt Bogason (settur dómari), og hljóða dómsorð sem hér segir:

Dómstóllinn kveður hér með upp eftirfarandi dóm:

1. Dómstóllinn lýsir yfir að Ísland hafi vanefnt skuldbindingar sínar skv. gerðinni sem um getur í lið 1c í XXIV. kafla II. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/127/ESB frá 21. október 2009 um breytingu á tilskipun 2006/42/EB að því er varðar vélar fyrir notkun varnarefna) skv. aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, og skv. 7. gr. samningsins, með því að láta hjá líða að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að innleiða gerðina innan tilskilins tíma.

2. Íslenska ríkinu er gert að greiða málskostnað.

**DÓMUR DÓMSTÓLSINS** **2017/EES/60/03**

**frá 7. júní 2017**

**í máli E-18/16**

**Eftirlitsstofnun EFTA gegn Íslandi**

*(EES-/EFTA-ríki vanefnir skuldbindingar sínar – Misbrestur á innleiðingu – Reglugerð (ESB) nr. 98/2013 um markaðssetningu og notkun forefna sprengiefna)*

Hinn 7. júní 2017 kvað dómstóllinn upp dóm í máli E-18/16, Eftirlitsstofnun EFTA gegn Íslandi – KRAFA þess efnis að dómstóllinn lýsi yfir að Ísland hafi látið hjá líða að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að taka gerðina sem vísað er til í lið 12zzq í XV. kafla II. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 98/2013 frá 15. janúar 2013 um markaðssetningu og notkun forefna sprengiefna), með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, upp í íslenskan rétt eins og áskilið er með 7. gr. EES-samningsins. Dóminn skipuðu dómararnir Carl Baudenbacher, forseti, Per Christiansen (framsögumaður) og Benedikt Bogason (settur dómari), og hljóða dómsorð sem hér segir:

Dómstóllinn kveður hér með upp eftirfarandi dóm:

1. Dómstóllinn lýsir yfir Ísland hafi látið hjá líða að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að taka gerðina sem vísað er til í lið 12zzq í XV. kafla II. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 98/2013 frá 15. janúar 2013 um markaðssetningu og notkun forefna sprengiefna), með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, upp í íslenskan rétt eins og áskilið er með 7. gr. EES-samningsins.

2. Íslenska ríkinu er gert að greiða málskostnað.

# ESB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

**Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja** **2017/EES/60/04**

**(mál M.8522 – Avantor/VWR)**

1. Framkvæmdastjórninni barst 15. september 2017 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]).

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

– Avantor, INC. (Bandaríkjunum), sem er undir yfirráðum Mew Mountain Capital LLC (Bandaríkjunum).

– VWR Corporation (Bandaríkjunum).

Avantor nær fullum yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir VWR.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

– Avantor: birgðasali á heimsvísu á hreinum efnum á borð við rannsóknarstofuefni fyrir lífvísindi og hátæknigeira.

– VWR: dreifingaraðili um heim allan á rannsóknarstofuvörum og þjónustu. Dreifir rannsóknarstofuefnum, prófunarefnum, fylliefnum og vísindabúnaði og tækjum og býður bæði vörur undir þekktum merkjum og eigin merkjum. VWR er einnig virkt á sviði framleiðslu lífvísindavara og rannsóknarstofuefna.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtíð. ESB (C 317, 23.9.2017). Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.8522 – Avantor/VWR

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbréfi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

([1]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

**Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja** **2017/EES/60/05**

**(mál M.8555 – AES/Siemens/Fluence Energy/JV)**

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 15. september 2017 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]).

   Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

   – AES Corporation Inc. (Bandaríkjunum).

   – Siemens AG (Þýskalandi).

   – Fluence Energy LLC (Bandaríkjunum), sem er undir yfirráðum AES Corporation Inc. og Siemens AG.

   AES Corporation Inc. („AES“) og Siemens AG („Siemens“) ná sameiginlegum yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar og 4. mgr. 3. gr. sömu reglugerðar, yfir Fluence Energy LLC („Fluence Energy“).

   Samruninn á sér stað með hlutabréfakaupum í nýstofnuðu fyrirtæki sem er sameiginlegt félag.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

   – AES: orkufyrirtæki sem starfar á heimsvísu.

   – Siemens: starfsemi í ýmsum atvinnugreinum.

   – Fluence Energy: atvinnustarfsemi þess mun fara fram á sviði þróunar og markaðssetningar á rafhlöðudrifnum orkugeymslulausnum.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

   Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([2]).

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

   Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtíð. ESB (C 317, 23.9.2017). Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

   M.8555 – AES/Siemens/Fluence Energy/JV

   Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbréfi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

   Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

   Bréfsími: +32 229-64301

   Póstáritun:
   European Commission
   Directorate-General for Competition
   Merger Registry
   1049 Bruxelles/Brussel

([1]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).
([2]) Stjtíð. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

**Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja** **2017/EES/60/06**

**(mál M.8607 – Warburg Pincus/Tata Motors/Tata Technologies)**

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 20. september 2017 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]).

   Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

   – Warburg Pincus LLC (Bandaríkjunum).

   – Tata Motors Limited (Indlandi).

   – Tata Technologies Limited (Indlandi), sem er undir yfirráðum Tata Motors Limited.

   Warburg Pincus og Tata Motors Limited ná í sameiningu óbeinum yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Tata Technologies Limited.

   Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

   – Warburg Pincus LLC: framtakssjóður sem starfar víða um heim og stundar rekstur (í gegnum fyrirtæki sem sjóðurinn hefur fjárfest í) í margs konar atvinnugreinum, m.a. orku, fjármálaþjónustu, heilbrigðisþjónustu, á neytendamarkaði og á sviði iðnaðar og viðskiptaþjónustu, auk tækni, fjölmiðlunar og fjarskipta.

   – Tata Motors Limited: bílaframleiðandi með starfsemi um heim allan.

   – Tata Technologies Limited: útvistun þjónustu á sviði verkfræði og vöruþróunarupplýsingatækniþjónustu við framleiðendur um heim allan.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

   Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([2]).

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

   Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtíð. ESB (C 320, 27.9.2017). Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

   M.8607 – Warburg Pincus/Tata Motors/Tata Technologies

   Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbréfi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

   Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

   Bréfsími: +32 229-64301

   Póstáritun:
   European Commission
   Directorate-General for Competition
   Merger Registry
   1049 Bruxelles/Brussel

([1]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).
([2]) Stjtíð. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

**Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja** **2017/EES/60/07**

**(mál M.8623 – Borealis/OTPP/SSE/Maple)**

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 18. september 2017 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]).

   Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

   – Borealis Smart Holdings B.V. (Hollandi), sem er hluti af Borealis European Holdings B.V. og undir yfirráðum Omers Administration Corporation (Kanada).

   – Ontario Limited (Kanada), sem er hluti af Ontario Teachers' Pension Plan Board (Kanada).

   – SSE Maple Limited (Bretlandi), sem er hluti af SSE plc (Bretlandi).

   – Maple TopCo Limited (Bretlandi).

   SSE plc („SSE"), Ontario Teachers' Pension Plan Board („OTPP") og Borealis European Holdings B.V. („Borealis") ná yfirráðum sameiginlega, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar og 4. mgr. 3. gr. sömu gerðar, yfir Maple Topco Limited („Maple").

   Samruninn á sér stað með samningsbundinni stjórnun eða eftir hvaða öðrum leiðum sem er.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

   – Borealis: rekstraraðili Omers Administration Corporation („Omers"). Omers stýrir lífeyriskerfi Ontario Municipal Employees Retirement System í Kanada.

   – SSE: orkufyrirtæki með starfsemi í Bretlandi og á Írlandi.

   – OTPP: rekstraraðili stærsta lífeyriskerfis einnar starfsstéttar í Kanada.

   – Maple: starfsemi sem varðar eignir í formi mæla í þágu orkuveita í Bretlandi.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

   Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([2]).

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

   Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtíð. ESB (C 327, 29.9.2017). Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

   M.8623 – Borealis/OTPP/SSE/Maple

   Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbréfi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

   Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

   Bréfsími: +32 229-64301

   Póstáritun:
   European Commission
   Directorate-General for Competition
   Merger Registry
   1049 Bruxelles/Brussel

([1]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin").
([2]) Stjtíð. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

**Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja** **2017/EES/60/08**

**(mál M.8628 – Eneco/Renault/Jedlix)**

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 18. september 2017 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]).

   Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

   – Renault Venture Capital S.A.S. (Frakklandi), sem tilheyrir Renault S.A.S. (hluti af samstæðunni Renault Group).

   – Eneco Smart Energy B.V. (Hollandi), sem er hluti af Eneco Group N.V.

   – Jedlix B.V. (Hollandi), sem er undir yfirráðum Eneco Smart Energy B.V.

   Renault Venture Capital S.A.S og Eneco Smart Energy B.V. ná í sameiningu yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar og 4. mgr. 3. gr. sömu reglugerðar, yfir Jedlix.

   Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

   – Renault Venture Capital S.A.S.: fjárfestingararmur Renault S.A.S. Renault Group samstæðan er einkum virk á sviði framleiðslu, dreifingar, sölu og viðhalds á vörum fyrir bíla.

   – Eneco Smart Energy B.V.: áhersla á þróun orkutengdrar nýsköpunar. Eneco Group samstæðan er virk sem framleiðandi og seljandi orku í Hollandi.

   – Jedlix B.V.: snjallhleðsluþjónusta fyrir rafbíla.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

   Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([2]).

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

   Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtíð. ESB (C 319, 26.9.2017). Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

   M.8628 – Eneco/Renault/Jedlix

   Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbréfi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

   Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

   Bréfsími: +32 229-64301

   Póstáritun:
   European Commission
   Directorate-General for Competition
   Merger Registry
   1049 Bruxelles/Brussel

---

([1]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).
([2]) Stjtíð. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

**Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja** **2017/EES/60/09**

**(mál M.8641 – Jacobs Engineering Group/CH2M HILL Companies)**

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 20. september 2017 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]).

   Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

   – Jacobs Engineering Group Inc. („Jacobs“, Bandaríkjunum).

   – CH2M HILL Companies Ltd. („CH2M“, Bandaríkjunum).

   Jacobs nær fullum yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir CH2M.

   Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

   – Jacobs: tæknileg þjónusta og sérfræðiþjónusta, sem og byggingarþjónusta við fjölda viðskiptavina í iðnaði, viðskiptum og hjá hinu opinbera.

   – CH2M: veiting faglegrar ráðgjafarþjónustu á breiðu sviði tækniráðgjafar, verkfræði, byggingarstjórnunar og rekstrar- og viðhaldsverkefna.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

   Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([2]).

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

   Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtíð. ESB (C 320, 27.9.2017). Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

   M.8641 – Jacobs Engineering Group/CH2M HILL Companies

   Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbréfi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

   Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

   Bréfsími: +32 229-64301

   Póstáritun:
   European Commission
   Directorate-General for Competition
   Merger Registry
   1049 Bruxelles/Brussel

([1]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).
([2]) Stjtíð. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

**Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja** **2017/EES/60/10**

**(mál M.8646 – Platinum/Pattonair)**

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 19. september 2017 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]).

   Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

   – Platinum Equity Group (Bandaríkjunum).

   – Pattonair Holdings Limited (Bretlandi).

   Platinum Equity Group („Platinum“) nær fullum yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Pattonair Holdings Limited („Pattonair“).

   Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

   – Platinum: sérhæfir sig í samruna, kaupum og starfrækslu fyrirtækja sem veita þjónustu og bjóða lausnir fyrir viðskiptavini í fyrirtækjum af margvíslegu tagi, m.a. í upplýsingatækni, fjarskiptum, vöruferlisstjórnun, málmþjónustu, framleiðslu og dreifingu.

   – Pattonair: dreifingaraðili á heimsvísu í flugvélaiðnaði með bolmagn fyrir öfluga aðfangakeðjustjórn og sem býður upp á dreifingu hluta fyrir fyrir loftför og virðisaukandi vöruferlis- og aðfangastjórnun. Það leggur sérstaka áherslu á C-flokks hluta fyrir hreyfla og kerfi loftfara.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

   Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([2]).

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

   Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtíð. ESB (C 319, 26.9.2017). Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

   M.8646 – Platinum/Pattonair

   Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbréfi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

   Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

   Bréfsími: +32 229-64301

   Póstáritun:
   European Commission
   Directorate-General for Competition
   Merger Registry
   1049 Bruxelles/Brussel

([1]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).
([2]) Stjtíð. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2017/EES/60/11**

**(mál M.8297 – GE/Baker Hughes)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 31. maí 2017 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]). Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

– Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.

– Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm) undir skjalnúmeri 32017M8297. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2017/EES/60/12**

**(mál M.8409 – ProSiebenSat 1 Media/Television Française 1/Mediaset/JV)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 30. ágúst 2017 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]). Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

– Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.

– Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm) undir skjalnúmeri 32017M8409. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

([1]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2017/EES/60/13**

**(mál M.8493 – Deere & Company/Wirtgen)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 3. ágúst 2017 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]). Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

– Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.

– Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm) undir skjalnúmeri 32017M8493. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2017/EES/60/14**

**(mál M.8609 – Triton/Unihold/Unica Group)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 19. september 2017 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]). Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

– Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.

– Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm) undir skjalnúmeri 32017M8609. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

([1]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar skv. 4. mgr. 16. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í Bandalaginu** **2017/EES/60/15**

**Breyting á almannaþjónustukvöðum í tengslum við áætlunarflug**

| | |
|---|---|
| Aðildarríki | Bretland |
| Flugleið | Cardiff – RAF Valley/Anglesey Airport |
| Upphaflegur gildistökudagur almannaþjónustukvaða | 5. október 2006 |
| Gildistökudagur breytinga | 1. apríl 2018 |
| Unnt er að nálgast textann og hvers kyns viðkomandi upplýsingar og/eða skjöl sem varða almannaþjónustu-kvaðirnar | Ef óskað er nánari upplýsinga, hafið þá vinsamlegast samband við:<br>Welsh Government — Transport Procurement<br>Cathays Park<br>Cardiff<br>CF10 3NQ<br>BRETLAND<br>Sími +44 3000603300<br>Bréfsími: +44 2920801444<br>Netfang: transportprocurement@gov.wales/<br>transportprocurement@wales.gsi.gov.uk<br>Vefur: www.etenderwales.bravosolution.co.uk |

**Tilkynning framkvæmdastjórnarinnar skv. 5. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um rekstur flugþjónustu í Bandalaginu** **2017/EES/60/16**

**Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannaþjónustukvaðir**

| | |
|---|---|
| Aðildarríki | Bretland |
| Flugleið | Cardiff og RAF Valley, Anglesey |
| Samningstími | Frá 1. apríl 2018 til 31. mars 2022 |
| Frestur til að skila tilboðum | 7. desember 2017 |
| Unnt er að nálgast texta útboðsauglýsingarinnar, ásamt hvers kyns viðkomandi upplýsingum og/eða skjölum sem varða útboðið og almannaþjónustukvaðirnar | Transport Procurement<br>Welsh Government<br>Cathays Park<br>Cardiff<br>CF10 3NQ<br>BRETLAND<br>Tilvísun samnings: itt_64281<br>Netfang: transportprocurement@gov.wales/<br>transportprocurement@wales.gsi.gov.uk<br>Vefur: www.etenderwales.bravosolution.co.uk |